

Febrúar 2010, 5. tlb.

Kæru formenn deilda DKG

Þar sem ég er stödd í Bandaríkjunum hjá dóttur minni og hef ekki aðgang að Publisher forritinu þá set ég upplýsingar fyrir febrúarmánuð upp á þennan máta.

Það er gaman að segja frá því að ég er boðin á DKG fund næsta laugardag sem þrjár deildir hér í Madison Wisconsin ætla að halda sameiginlega.

Upplýsingar

Vorþingið verður haldið laugardaginn **17. apríl**. Vonandi verður góð mæting úr ykkar deildum. Yfirskrift þingsins er *Góðir hlutir gerast* og hefur menntamálanefndin leitað til ykkar eftir efni sem þið teljið eiga erindi á þingið. Athugið að þó efni verði ekki tekið til umfjöllunar á vorþingi gæti verið áhugavert að fá umfjöllun um það á vefnum.

Leiðtoganámskeið verður haldið í sambandi við þingið, föstudaginn **16. apríl**. Lágmarkspáttökugjald verður fyrir DKG konur. Við munum hefja skráningu í byrjun mars. Við hvetjum félagskonur til að taka frá þessar dagsetningar. Þetta námskeið verður opið þar sem við viljum gefa fleiri konum kost á að njóta þess með okkur. DKG konur munu þó hafa forgang fram.

Gönguhópurinn hittist næst 2. febrúar og er gengið frá Perlunni kl. 17:30. Ég hef fundið mikla ánægju með þessa göngutúra þó konur geti ekki allar mætt sem vilja. Þær konur sem hafa komið fara heim með sól og yl í hjarta. Því miður verð ég ekki með ykkur núna á þriðjudaginn, en örugglega 2. mars. Konur í öðrum landshlutum gætu hitt okkur í anda og ákveðið að ganga saman á þessum degi í sínu byggðalagi.

Alþjóðanefndir verða skipaðar að nýju í sumar til næstu tveggja ára. Þær konur sem hafa áhuga á að taka þátt í alþjóðastarfi á þennan hátt eru beðnar um að hafa samband við forseta. Fyrirhugað er að halda kynningarfund fyrir DKG konur í Þjóðarbókhöðunni þann 16. mars kl. 17. Þar mun Sigrún Klara fara yfir starfsemi alþjóðasambandsins og einnig nefndarstörfin. Vinsamlega vekið athygli á þessu í ykkar deildum. Stjórn landssambandsins þarf að skila inn tilnefningum fyrir 1. júní. Það tekur tíma að sækja um og við þurfum að fá hugmyndir um tilnefningar fyrir marslök.

Til framkvæmda

Munið að bæta nýjum félagskonum inn í félagatalið. Sendið breytingar til Eyglóar vefstjóra.

Hvetjið vefumsjónarmenn ykkar deilda til að hafa samband ef þær þurfa aðstoð við að setja efni inn á vefinn.

Eindagar

- | | |
|------------|--|
| 1. febrúar | Formenn skili skýrslum til forseta og nefndarfomanna |
| 1. febrúar | Þeir sem sækja um International Scholarship skili umsókn til alþjóðasambandsins. |
| 1. mars | Forseti og formenn nefnda skili skýrslum til alþjóðasambandsins |
| 1. apríl | Tilnefningar í alþjóðanefndir þurfa að hafa borist landssambandsstjórn |

Ahugið að uppstillingarnefndir fyrir nýjar stjórnir deilda hafi hafið störf og skili tilnefningum til stjórnar deilda fyrir miðjan apríl (þetta er tillaga að eindaga).

Atburðir

- | | |
|------------|---|
| 1. febrúar | Gönguhópurinn frá Perlunni kl. 17:30 |
| 2. mars | Gönguhópurinn frá Perlunni kl. 17:30 |
| 16. mars | Kynningarfundur um alþjóðasamband DKG í Þjóðarbókhöðunni kl. 17 |
| 16. apríl | Leiðtoganámskeið |
| 17. apríl | Vorþing |

Bestu kveðjur

Ingibjörg Jónasdóttir, landssambandsforseti DKG